



Skapandi íslenska – MTR krakkarásin

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Menntaskólinn á Tröllaskaga

Nafn verkefnisins: Skapandi íslenska – MTR krakkarásin

Nafn verkefnisstjóra: Inga Eiríksdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS 16 2018-2019

Markmið verkefnis voru að:

Búa til áfanga sem miðaði að

- virkjun sköpunarkrafts og hugmyndaflugs
- eflingu hæfni til skapandi skrifa og að öðlast trú á eigin getu
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum við úrvinnslu og skil á verkefnum
- gagnrýnni hugsun við skrif, úrvinnslu og túlkun fyrir unga notendur
- auknum og bættum málskilningi og orðaforða nemenda sem og markhóps (unga áhorfenda)
- eflingu áhuga, kjarks og getu til framsögu og leikrænnar tjáningar
- því að búa til margmiðlunarefni svo sem teiknimyndir, brúðumyndir og hikmyndir (e. stop motion) myndir með íslensku tali
- auka þekkingu nemenda á mikilvægi íslensks efnis á netinu fyrir allan aldur
- geta metið efni af neti og samfélagsmiðlum á gagnrýnn hátt og áhrif þess, jákvæð og neikvæð, á neytendur á mismunandi aldri
- auka þekkingu nemenda á eigin samfélagslegri ábyrgð á innhaldi og birtingu efnis á netinu
- auka samstarf milli leikskóla, yngra stigs grunnskóla og MTR
- auka ókeypis mynd- og leikrænt efni á íslensku fyrir ung börn.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

- Þar sem ekki náðist að skrá nógu marga nemendur í áætlaðan áfanga var ákveðið að fara af stað með verkefnið á annan hátt. Fleiri kennrarar en íslenskukennrarar voru

fengnir í verkefnið. Ákveðið var að tileinka verkefninu eina til tvær vinnulotur (eina til tvær vikur) í hinum ýmsu fögum.

- Búnar voru til verkefnalýsingar fyrir verkefni, m.a. í íslensku á öðru þrepi, íslensku á þriðja þrepi, upplýsingatækni, landafræði, eftafræði, íþróttatækni o.fl. Verkefnalýsingarnar voru allar svipaðar og miðuðu að því að nemendur byggju til margmiðlunarefni með íslensku tali fyrir unga notendur. Efnistökin voru fjölbreytt, allt frá sögum, til tilrauna og líkamshreyfinga. Sum með fræðslumarkmið en önnur með skemmtunarmarkmið í huga fyrir unga notendur.
- Búnar til og tekna saman ýmsar leiðbeiningar fyrir hin ýmsu margmiðlunarforrit og öpp sem miða að því að búa til margmiðlunarefni svo sem teiknimyndir, brúðumyndir og hikmyndir (e. stop motion). Leiðbeiningum þessum var safnað saman á Padlet vegg sem er „lifandi skjal“ og uppfærður eftir því sem tækni, forrit og öpp breytast og nýir möguleikar verða til.
- Nemendur látnir vinna saman í hópum sem leiddi til almennrar umræðu um íslensku, áhrif ensku og youtube á unga áhorfendur og þau sjálf, umræðu um skýrmæli og leikrænan tjáningu sem og þeirra eign samfélaglegu ábyrgð, t.d. á yngri systkini, frændsystkini og/eða börn.

Frávik og hindranir

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að búinn yrði til sérstakur áfangi í skapandi íslensku með áherslu á „framleiðslu“ stuttra sagna og ævintýra sem birt yrðu á myndrænan og leikrænan hátt með hjálp margmiðlunarforrita og appa og deilt á internetið þannig að þau yrðu aðgengileg ungam áhorfendum. Í raun var hann búinn til og auglýstur en þar sem ekki voru nægilega margir nemendur sem völdu áfangann haustið 2018 var ákveðið að fresta honum til vors 2019. Vinna við verkefnið fór þó af stað með öðrum hætti eins og greint er frá hér að ofan. Fyrir vorönn 2019 sáum við fram á að hafa ekki kennara í áfangann. Hann var þó auglýstur en þegar í ljós kom að áhugi meðal nemenda var ekki nægur var ákveðið að halda áfram með verkefnið með sama hætti og um haustið.

Þar sem svona myndbönd „taka“ mikið pláss voru nemendur látnir skila linkum á youtube. Það hefur svo valdið vandræðum með að búa til hina eiginlegu rás. Hægt er að búa til „playlista“ og hefur það verið gert. Huga þarf betur að því hvernig skila á slíkum verkefnum í framtíðinni sem og leyfi til opinberra birtinga þeirra.

Ávinnungur og jákvæð atriði

Fjölgun kennara og faga sem tóku þátt í verkefninu hafði mjög jákvæð áhrif. Ætlunin er að halda verkefninu áfram í sem flestum fögum. Þ.e. ein til tvær vinnulotur verði nýttar til slíkra verkefnavinnu. Kennrarar skólans telja að það rími við menntunarfræðilega stefnu skólans og stefnu um frumkvæði og skapandi skil verkefna.

Eins og áður segir fór af stað umræða meðal nemenda um áhrif youtube og ensks margmiðlunarefnis á nemendur sjálfa og möguleg áhrif á yngri börn. Meðal eldri nemenda (fjarnema) mátti greina meiri áhyggjur af þessu enda sumir þeirra með ung börn.

Mat

Segja má að verkefnið hafi haft bæði „sjónræn“ og „verkræn“ áhrif á skólastarfið í heild. Skólinn fjárfesti í einföldum „grænum skjá“ sem settur var upp í ljósmyndastofu skólans. Keyptur var aðgangur, bæði fyrir kennara og nemendur, að nokkrum tegundum af margmiðlunarforritum og kennurum skólans gefinn kostur á að sækja námskeið í notkun þessara forrita. Einnig fór reglulega fram jafningjafræðsla meðal kennara. Framangreint mun tvímælalaust auka fjölbreytni í verkefnaskilum framtíðarinnar innan skólans og koma þannig betur til móts við þá fjölbreyttu nemendaflóru sem stundar nám við skólann.

Niðurstöður

Reynslan af samvinnu kennara í mismunandi fögum og á mismunandi þrepum mun nýtast okkur kennurum í frekari samvinnu og jafnvel meiri samþættingu milli faga í framtíðinni. Það að hægt var að búa til eitt verkefni eða eina beingrind að verkefni, sem hægt er að leysa í svo fjölbreyttri flóru faga, jók áhuga kennara á samþættingu milli námsgreina. Samvinnan gekk vel og kennrarar hafa lýst áhuga á að halda henni áfram sem og búa til fleiri valáfanga þar sem tvinnuð yrði saman tvö eða fleiri fög.

Flestir kennrarar sem komu að verkefninu urðu varir við feimni eða trega við leikræna tjáningu. Eftir umræður um hvernig við gætum tekið á þessu hefur verið ákveðið að efla leikræna tjáningu meðal yngri staðnema með sérstöku námskeiði í miðannarviku á næsta skólaári.

Markmið verkefnisins náðust að telja má að hluta eða nær öllu leyti. Það að verkefnið náði til fleiri faga en íslensku gerði það að verkum að afraksturinn, íslenskt talsett ókeypis efni á youtube varð fjölbreyttara en ella hefði orðið.

Áætlun um kynningu

Verkefnin eða öllu heldur afrakstur þeirra (myndböndin) hafa verið sýnd á sýningu skólans bæði á haustönn og vorönn. Eins hefur hópur úr leikskóla Fjallabyggðar komið í heimsókn og fengið að horfa á nokkur myndbandanna. Í febrúar s.l. var skólinn með svokallaðan fjölskyldudag í samstarfi við Rótarýklúbb Ólafsfjarðar. Þar voru m.a. sýnd myndbönd frá nemendum sem og tæknin og sú leikni sem nemendur hafa aflað sér var nýtt til að búa til myndefni af ungum gestum. Verkefnið var einnig kynnt á alþjóðlegri ráðstefnu sem skólinn hélt í október s.l. í samstarfi við ecoMEDIEurope. Myndbönd af afrakstri eru aðgengileg á YouTube og myndir af vinnu við verkefnin, heimsókn leikskólabarnanna og fjölskyldudegi aðgengilegar á vef MTR.

Verkefnið mun verða kynnt fyrir öðrum framhaldsskólum á Norðurlandi á vettvangi Menntabúða SAMNOR-skólanna næsta haust. Einnig eru áætlanir um að kynna verkefnið á Menntun til framtíðar, ráðstefnu um rannsóknir og nýbreytni í framhaldsskólum sem haldin verður í Fjölbautaskólanum í Breiðholti þann 20. september 2019 verði verkefnið valið til þátttöku þar.

Annað

Eins og áður segir stefna kennrar skólans að halda áfram þessari vinnu og bjóða upp á slík verkefni í hinum ýmsu fögum í framtíðinni, bæði samvinnuverkefni milli faga og stök verkefni. Huga þarf að „auðveldari“ skilum vegna eignlegrar youtube-rásar sem og formlegu skjali sem leyfir slíka birtingu í framhaldinu. Um þetta eru kennrar meðvitaðir og tilbúnir í þá vinnu.

Dagsetning: 11.6.2019

Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skolastjóra ábyrgðarskóla

Sundurliðun gjalda- og tekjuþáttu við verkefnið

Kostnaðar- og tekjuþættir	Gjöld	Tekjur
Vinna við verkefnastjórnun (með orlofi og gjöldum)	330.000	
Vinna við undirbúning og gerð beinagrindar af sameiginlegu verkefni (8 kennarar, með orlofi og gjöldum)	575.000	
Hin ýmsu margmiðlunarforrit og öpp	98.000	
Ýmis námskeið fyrir kennara	176.000	
Kennsla við 10 verkefnalotur (5-10% af vinnumati áfanga eftir stærð verkefnis) Samtals 107% af 5 eininga áfanga (með orlofi og gjöldum).	1.275.000	
Ýmis tilfallandi kostnaður	15.000	
Ýmis tilfallandi kynningarkostnaður	35.000	
Áætlaður kostnaður við kynningu á Menntun til framtíðar (Verði verkefnið valið til kynningar)	105.000	
Styrkur úr Sprotasjóði		1.000.000
Framlag skóla		1.609.000